

## 62. gr.

Afbrigði frá samþykkt þessari getur hreppsnefnd gert í einstökum tilfellum þegar brýna nauðsyn ber til, ef 2/3 hreppsnefndarmanna samþykkja það.

## 63. gr.

Til að gera breytingar á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum í hreppsnefnd með a.m.k. viku millibili, samþykki meirihluta greiddra atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Skaftárhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 3. janúar 1995.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Sesselja Árnadóttir.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð um skírteini gefin út af Flugmálastjórn,  
nr. 344/1990.**

## 1. gr.

Síðasti málsliður í grein 2.4.2.1. orðist svo:

Ef hann flytur farþega skal hann hafa framkvæmt minnst 3 flugtök og 3 landingar eða hafa staðist hæfnipróf (PFT) innan síðustu 90 daga í flugvél af sömu tegund eða sama flokki.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34/1964 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 4. janúar 1995.*

**Halldór Blöndal.**

*Halldór S. Kristjánsson.*